

Fundargerð 1. fundar starfshóps um skólamál á Völlum 2015

Fundardagur: Fimmtudagur 8. október 2015
 Fundarupphaf: Kl. 16
 Staðsetning: Fundarherbergi bæjarráðs, Strandgötu 6.

Rósa Guðbjartsdóttir stýrir fundi.
 Ritari starfshópsins var skipaður Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla.

Mætt á fundinn:
 Adda María, Jenný, Lars, Magnús, Rósa, Sigrún, Skarphéðinn, Valgerður Ósk Ómarsdóttir varafulltrúi foreldra grunnskólabarna og Vigfús.

Mál sem voru rædd á fundinum:

1. mál: **Stýrihópurinn.**

Skipuð í stýrihóp um skólamál á Völlum 2015 eru:

- | | |
|-----------------------------------|-----------------------------------|
| 1. Rósa Guðbjartsdóttir, formaður | Fræðsluráð |
| 2. Einar Birkir Einarsson | Fræðsluráð |
| 3. Adda María Jóhannsdóttir | Fræðsluráð |
| 4. Magnús Baldursson | Sviðsstjóri |
| 5. Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir | Þróunarfulltrúi leikskóla |
| 6. Vigfús Hallgrímsson | Þróunarfulltrúi grunnskóla |
| 7. Sigrún Kristinsdóttir | Leikskólastjóri |
| 8. Lars Imsland Hilmarsson | Grunnskólastjóri |
| 9. Skarphéðinn Rosenkjær | Fulltrúi foreldra leikskólabarna |
| 10. Eva Dís Þórðardóttir | Fulltrúi foreldra grunnskólabarna |

2. mál: **Vallahverfið, skipulag og íbúáþróun.**

Gestur á fundinum var Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu.

Sigurður kynnti skipulagsmál á Völlum og væntanlega þróun svæðisins, t.d. íbúáþróun. Helstu niðurstöður í kynningu hans voru:

- Væntanlegar eru um 1000 íbúðir í nýju skólahverfi inn af skólahverfi Hraunvallaskóla.
- Grunnskóli fyrir slíkt hverfi þarf að ná til 500-650 nemenda (15-20% íbúa svæðis), þ.e. 2-3 bekkjardeildir í árgangi, þegar best lætur.
- Í Vallarhverfið í heildina þarf miðað við þetta skipulag 12 leikskóladeildir, þ.e. tvo 6 deilda eða þrjá 4 deilda leikskóla.
- Kynnt fyrri hugmynd að Hamranesskóla og sigurveikningu þar í samkeppni.

Gögn send eftir fundinn til starfshópsins, þ.e. um Hamranesskólann.

Umræður um hugsanlegan leikskóla og grunnskóla og skólalóð þeirra á nýjum stað sem hugmynd er komin fram um, þ.e. í Skarðshlíð þar sem tekin hafði verið frá lóð fyrir hjúkrunarheimili en ekkert varð af.

Óskað eftir frekari upplýsingum um íbúapróun á allra næstu árum á Völlum.

Rýmisáætlun fyrir væntanlegan skóla þarf að taka upp í fræðsluráði út frá rýmisáætlun sem er í gildi og var unnið eftir fyrir Hamranesskólann.

3. mál: Önnur mál.

Önnur mál sem voru rædd á fundinum:

- a. Ljóst að þörf er að bregðast við bráðavanda í Hraunvallaskóla frá hausti 2017. Skólinn getur ekki tekið við fleirum þá og öll aukahús á skólalóð þá fullnýtt. Haustið 2016 þarf grunnskólinn hluta af húsnæði leikskólans í dag (Hlíð). Leikskólinn á Bjarkavöllum opnar haustið 2016.
- b. Hugmyndafræði nýrra skóla, þ.e. leikskóla og grunnskóla, þarf að vera ljós af fræðsluyfirvöldum áður en hönnun þeirra fer fram. Bærinn þarf að auki skýra stefnu sína varðandi tónlistarskóla í tengslum við nýjan grunnskóla, tengingu leik- og grunnskóla og félagsmiðstöð hverfisins miðað við Hamranesskólann.

Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 21. október kl. 16 í Krosseyri.

Fundarslit kl. 17.

Ritun fundargerðar: Vigfús Hallgrímsson